



Samráðsgátt (/oll-mal)

– opið samráð stjórnvalda við almenning



Samráð fyrirhugað

14.02.2022–28.02.2022



Til umsagnar

14.02.2022–28.02.2022



Niðurstöður í vinnslu frá

28.02.2022



Niðurstöður birtar

Drög að reglugerð um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim

Mál nr. 35/2022 | Birt: 14.02.2022

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið | Drög að reglugerð

Málefnasvið: | Umhverfismál

Niðurstöður í vinnslu

Umsagnarfrestur er liðinn (14.02.2022–28.02.2022). Umsagnir voru birtar jafnóðum og þær bárust. Skoða umsagnir. Niðurstöður samráðsins verða birtar þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust.

Málsefni

Drög að nýrri reglugerð um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

Hér er sett til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda drög að nýrri reglugerð um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Nýja reglugerðin kemur í stað reglugerðar um sama efni frá árinu 2002.

Leikvallataeki eru, samkvæmt reglugerðinni, þau tæki eða mannvirki sem börn leika sér í eða á utanhúss og innanhúss og sem almenningur hefur aðgang að.

Unnið hefur verið að endurskoðun gildandi reglugerðar í samráði við hlutaðeigandi stofnanir og stjórnvöld og í samvinnu við sérfræðing á sviði öryggi leikvallataekja og leiksvæða.

Markmiðið með nýrri reglugerð er að stuðla enn frekar að öryggi barna og annarra í leik og umgengni við leikvallataeki eða leiksvæði, með því að tryggja að þau séu hönnuð, frágengin og viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt. Þó nokkrar viðamiklar breytingar eru frá

gildandi reglugerð og skýrt kveðið á um ábyrgð rekstaraðila leiksvæða og leikvallatækja. Má þar nefna að aðalskoðun skal ætíð fara fram a.m.k. á þriggja ára fresti og oftari komi fram frávik með talsverðri eða hámarks áhættu eða ef rekstrarskoðun er ekki sinnt. Heilbrigðisnefnd metur alvarleika frávíka og hvort það þurfi að fylgja þeim eftir. Einnig eru gerðar kröfur um að rekstraraðilar haldi rekstrarhandbók sem heilbrigðisnefnd hefur aðgang að. Loks er kveðið markvissara á um þá staðla sem gilda um leikvallatæki. Gert er ráð fyrir að reglugerðin nái utan um öll tæki sem falla undir þessa staðla, þ.á m. ærslabelgi, klifurveggi á leiksvæðum og vatnsleiktæki.

Ábyrgðaraðili

Skrifstofa umhverfis- og skipulags
urn@urn.is (mailto:urn@urn.is)

Skjöl til samráðs

Drög að reglugerð um leikvallatæki og leikvallasvæði

Sækja skjal (/Skrar/\$Cases/GetCaseFile/?id=%7b5c2a0bfd-8b8d-ec11-9bae-005056bcce7e%7d) - 49 kb

Fjöldi umsagna

6

Innsendar umsagnir

#1 Árný [↪](/oll-mal/$Cases/Details/?id=3148&uid=8d6f2df8-3296-ec11-9baf-005056bcce7e) (/oll-mal/\$Cases/Details/?id=3148&uid=8d6f2df8-3296-ec11-9baf-005056bcce7e)

Sigurðardóttir - 25.02.2022

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

[↪](/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=8c6f2df8-3296-ec11-9baf-005056bcce7e) Viðhengi(/Skrar/\$Cases/GetAdviceFile/?id=8c6f2df8-3296-ec11-9baf-005056bcce7e)

#2

[↪ \(/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3148&uid=4267bb08-a898-ec11-9baf-005056bcce7e\)](#)**Húsnæðis- og mannvirkjastofnun - 28.02.2022**

Góðan dag

Meðfylgjandi er umsögn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar við drög að reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

[↪ Viðhengi \(/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=4167bb08-a898-ec11-9baf-005056bcce7e\)](#)

#3

[↪ \(/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3148&uid=f24f1582-ae98-ec11-9baf-005056bcce7e\)](#)**Reykjavíkurborg - 28.02.2022**

Umsögn frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar

[↪ Viðhengi \(/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=f14f1582-ae98-ec11-9baf-005056bcce7e\)](#)

#4

[↪ \(/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3148&uid=5b3f185d-af98-ec11-9baf-005056bcce7e\)](#)**Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs. - 28.02.2022**

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

[↪ Viðhengi \(/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=5a3f185d-af98-ec11-9baf-005056bcce7e\)](#)

#5 BSI á Íslandi

[↪ \(/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3148&uid=76cedec1-b198-ec11-9baf-005056bcce7e\)](#)**ehf - 28.02.2022**

Meðfylgjandi er umsögn BSI á Íslandi ehf.

[↪ Viðhengi \(/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=75cedec1-b198-ec11-9baf-005056bcce7e\)](#)

#6 Helga Björg

[↪ \(/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3148&uid=a49246d8-f098-ec11-9baf-005056bcce7e\)](#)**Jónsdóttir - 28.02.2022**

Meðfylgjandi er umsögn aðstandenda drengs sem lést þann 15. maí ári 2010 í leiktæki á opnu leiksvæði við fjöleignarhús.

[↪ Viðhengi \(/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=a39246d8-f098-ec11-9baf-005056bcce7e\)](#)



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneyti

Sendandi: Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

Umsögn um Drög að reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim

Umsögn þessi byggist meðal annars af umræðum starfshóps sem heldur utan um framkvæmdir, viðhald og eftirlit leikvallasvæða hjá Reykjavíkurborg.

Efnislegar athugasemdir við drögin að reglugerðinni eru listaðar eftir greinar númeri:

- Innihald rekstrarhandbókar ætti frekar að vera í leiðbeiningarskjali frá Umhverfisstofnun heldur en í viðauka. Það auðveldar breytingar ef þess þarf. Vísu má til orðalags í 16.1.1 gr. byggingarreglugerðar sem varðar handbók mannvirkis þar sem stendur eftirfarandi:

„Nánar skal gera grein fyrir því í hvaða tilvikum skylt er að afhenda handbók mannvirkis sem og hvert innihald hennar skal vera í leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar.“

Tillaga að breytingu í stað vísunar í viðauka:

Nánar skal gera grein fyrir því í hvaða tilvikum skylt er að halda rekstrarhandbók varðandi leiksvæði sem og hvert innihald hennar skal vera í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

- Umhverfisstofnun hefur útgefið handbók um leikvallatæki (2011) sem nýst hefur við allar leikvallaskoðanir. Í henni koma fram fleiri þættir sem eiga að koma fram á merkingu leikvallasvæðis enn tekið er fram í reglugerð. Þetta er óskýrt og hefur valdið ruglingi.

Tillaga að breytingu:

Nánar skal gera grein hvert innihald merkinga leikvallasvæðis skal vera í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

Í síðustu málsgrein 7. gr. stendur:

„Skapandi leiksvæði og náttúruleg leiksvæði geta verið hluti af hefðbundnu leiksvæði eða eitt og sér og skulu ávallt vera undir eftirliti og á ábyrgð rekstraraðila.“

Hér er sérstaklega fjallað um „skapandi leiksvæði og náttúruleg“ og þau þar með aðgreind frá leikvallasvæðum almennt. Það þarf að útskýra betur hvað er átt við með



„skapandi og/eða náttúrulegum leiksvæðum“ og eftirliti rekstaraaðila t.d. á leikvallasvæðum þar sem ekki er dagleg starfsemi eða grunn- og leikskólalóðum eftir að skóla lýkur og um helgar. Réttara væri að tala um reglubundið eftirlit.

Tillaga: **Umhverfisstofnun vinni leiðbeiningar.**

11. Í fyrstu málsgrein er talað um að:

„Öryggisundirlag skal taka mið að veðurfari...“

Hvað er átt við með þessari setningu? Öryggisundirlag skal vera samkvæmt stöðlum EN 1177 og prófunaraðferðir geta einungis farið fram miðað við þær aðstæður þ.e. veðuraðstæður sem þar eru tilteknar (við útihitastig 23 +/- 5°C). Þekkt er að við vetraraðstæður getur virkni öryggisundirlags breyst og jafnvel orðið óvirkt (frosið).

Tillaga:

Umhverfisstofnun vinni leiðbeiningar. Í þeim verði m.a. tilgreint til hvaða aðgerða/úrræða skuli grípa við mismunandi aðstæður s.s. til tímabundinnar lokunar svæða eða stýringar á notkun.

12. Slys.

Tillaga:

Umhverfisstofnun útfæri slysaskráningablöð fyrir leikvallasvæði.

14. Reykjavíkurborg telur að rýmka ætti tímabilið á milli aðalskoðana í allt að 5 ár, komi ekki fram við skoðun alvarleg eða talsvert alvarleg atvik. Reynslan sýnir að dagleg eftirlitskoðun ásamt árlegri rekstrarskoðun og aðalskoðun eftir atvikum ásamt góðu eftirliti heilbrigðisnefndar er verklag reynst hefur vel og skilað tilætluðum árangri þ.e. að auka öryggi og koma í veg fyrir augljósar hættur.

Samkvæmt 3. málsgrein kemur fram að aðalskoðun skal vera framkvæmd af óháðum aðila sem hlotið hefur faggildingu. Hér á landi er einn skoðunaraðili sem hefur faggildingu en æskilegt væri að fleiri aðilar gætu framkvæmt aðalskoðun og æskilegt væri að Umhverfisstofnun haldi utan um hvaða aðilar séu með faggildingu til að aðalskoða leiksvæði.

Viðauki II - Í staðinn fyrir að telja upp í reglugerð öryggisatriði ætti frekar að benda á leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun. Það auðveldar breytingar ef þarf og tekur burt þann vafa að atriði sem listuð eruð upp sé aðal öryggisatriði sem þarf að skoða. Að auki heldur Umhverfisstofnun utan um handbók leikvallasvæða og tekur hún á fleiri atriðum enn eru listuð í viðaukanum t.d. atriði sem varðar óheimila notkun á þyrndum gróðri (sem er mjög mikilvægt atriði og þarf að koma skýrt fram) o.s.frv. Þá má líka nefna að listar sem eru tilgreindir í tölulíð 7 og 8 finnast ekki á heimasíðum Umhverfisstofnunar né í leitarvélum.

Viðauki III – Miðað við reynslu Reykjavíkurborgar af rekstrarskoðunum síðustu ár ætti að rýmka tíðni skoðana niður í eina skoðun á ári.



Það tekur tíma að vinna úr atriðum sem koma úr skoðunum og að auki er aðalskoðun framkvæmd árlega ef alvarleg atriði koma úr skoðunum. Reynslan sýnir að dagleg eftirlitskoðun ásamt árlegri rekstrarskoðun og aðalskoðun eftir atvikum ásamt góðu eftirliti heilbrigðisnefndar er verklag reynst hefur vel og skilað tilætluðum árangri þ.e. að auka öryggi og koma í veg fyrir augljósar hættur.

Viðauki V

Teljum að þessi viðauki eigi ekki að vera heldur skuli Umhverfisstofnun gefa út leiðbeiningar.

Viðauki VI

Í stað þess að telja upp þau atriði sem skrá skal í rekstrarhandbók í reglugerð undir viðauka V ætti frekar að benda á leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun gæfi þá út leiðbeiningar um uppsetningu, útlit og innihald rekstrarhandbókar rétt eins og Mannvirkjastofnun gerir varðandi leiðbeiningar fyrir handbók mannvirkis. Það myndi auðvelda uppfærslu/breytingar á þeim atriðum sem að skrá skal í rekstrarhandbók.

Rekstrarhandbók. Reykjavíkurborg heldur utan um leikvallasvæði í verkumsjónarkerfi þar sem allar skoðanaskýrslur – Aðalskoðanir, rekstrarskoðanir og eftirlitsskoðanir Heilbrigðiseftirlits eru aðgengilegar þeim aðilum sem um málið fjalla. Í kerfinu eru öll frávik sem upp koma skráð og afgreidd og sett í framkvæmd þar sem forgangsröðin er fyrst og fremst samkvæmt einkunnakerfi Umhverfisstofnunar. Í kerfinu rúmast allar teikningar, skjöl og myndir sem varða viðkomandi leikvallasvæði. Reykjavíkurborg hefur litið svo á að innihald í kerfinu sé í raun rekstrarhandbók sem getið er um í reglugerð.

Þá eru sum þeirra atriða sem lagt er til í reglugerð að skráð séu í rekstrarhandbók verulega íþyngjandi fyrir rekstaraðila og eiga kannski ekki við í rekstrarhandbók t.d:

„1. Samstarf á hönnunarstigi, m.a. teikningar af lóð og staðsetning leiktækja og öryggissvæða þeirra, samskipti rekstaraðila við hönnuði og verktaka.“

Rekstrarhandbók er handbók sem heldur utan um rekstur. Hönnunar- og framkvæmdafasi svæðis heyra ekki undir rekstur, það ætti að vera fullnægjandi að tiltaka teikning af lóð skuli væri skráð í rekstrarhandbók., það er það sem skiptir máli hvað varðar atriði númer 1 en ekki samskipti rekstaraðila við hönnuði og verktaka.

Virðingarfyllst,

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa sviðsstjóra



Reykjavík 25. febrúar 2022

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um drög að reglugerð um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) veitir eftirfarandi umsögn um mál nr. 35/2022 í Samráðsgátt sem birt var 14. febrúar 2022 og send HER til umsagnar sama dag og varðar drög að nýrri reglugerð um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim sem kemur í stað reglugerðar um sama efni nr. 942/2002 með síðari breytingum.

Almennt:

HER telur að flestar breytingar frá fyrri reglugerð séu til bóta, s.s. breytingar á ákvæðum um innra eftirlit og að skilyrði sé að haldin verði rekstrarhandbók um hvert leiksvæði en að gæta þurfi að því að þar séu ekki gerðar kröfur um ónauðsynlegar skráningar. HER telur að bæta þurfi við skilgreiningum á hugtökum sem notuð eru í reglugerðinni færa skilgreiningar sem koma fram í einstökum greinum í 3. gr. um skilgreiningar. Einnig þarf að og samræma hugtök og orðanotkun.

Athugasemdir við einstaka kafla, greinar og viðauka:

I. Kafli Markmið og gildissvið o.fl.

2. gr. Gildissvið: Tekið er fram að reglugerðin gildi um “skapandi leiksvæði” án þess að útskýrt sé hvað átt er við. Lagt er til að bætt verði í 3. gr. skilgreiningu á “skapandi leiksvæði”

3. gr. Skilgreiningar: Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á greininni:

Bætt verði við eftirfarandi skilgreiningu á innra eftirliti: *Innra eftirlit* er eftirlit rekstraraðila með eigin starfsemi, framkvæmt af honum, starfsmönnum hans eða þjónustuaðila, í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í starfsleyfi, lögum og reglugerðum séu uppfylltar. Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun.

Hugtökin “náttúruleiksvæði” og “náttúrulegt leiksvæði” verði skilgreind og ef þau eiga við sama hlutinn verði orðanotkun samræmd.

Skilgreining á *Rekstrarhandbók* verði samræmd við það sem kemur fram í viðauka V. Í skilgreiningunni í 3. gr kemur fram að rekstrarhandbók innihaldi “allar upplýsingar um leikvæðið öll leikvallataeki önnur tæki”.... HER telur að sleppa eigi orðinu *allar* og vísa til þess að í rekstrarhandbók skuli innihalda *nauðsynlegar* upplýsingar um leiksvæðið, s.s. uppsetningu, rekstur og innra eftirlit í samræmi við það sem kemur fram í Viðauka V. Í 6. gr er fjallað um rekstrarhandbók og telur HER að hægt væri að fella texta greinarinnar inn í skilgreininguna.

Í skilgreiningu á *Skoðun eftir slys* kemur fram að það sé skoðun “óháðs aðila í kjölfar alvarlegs slyss”. Skilgreina þarf hvað átt er við með óháður aðili í þessu sambandi og hvað telst alvarlegt



slys. Skoðunin óháðs aðila skv. þessu að mati HER á að vera ”til að ganga úr skugga um hvort rekja megi slysið til leiktækis eða öryggisundirlags”. Þarna er væntanlega átt við leikvallatæki en ekki leiktæki en einnig þarf að skilgreina hugtakið “öryggisundirlag”. Þar sem tilgangur skoðunar er ekki að greina aðrar ástæður slyssins er lagt er til að í skilgreiningu á skoðun eftir slys komi fram að rekstraraðili skuli kalla til lögreglu eða eftirlitsaðila í kjölfar alvarlegs slyss til að rannsaka ástæður slyssins sem mögulega má rekja til annars en leikvallatækis eða öryggisundirlags.

5. gr. Ábyrgð: Gerð er athugasemd við orðalag um að rekstraraðili skuli kynna ákvæði reglugerðarinnar og starfsleyfisskilyrði fyrir forráðamönnum barna í leik- og grunnskóla. Ekki kemur fram hvernig standa skuli að slíkri kynningu og hvort þetta er rekstraraðili leik- eða grunnskóla eða annar aðili. HER telur vafasamt að leggja þá skyldu almennt á rekstraraðila leiksvæða að kynna reglugerðir fyrir almenningi eða svo stórum hópi sem foreldrar leik- og grunnskólabarna eru. Rekstraraðilar eru hópur aðila, opinberir- og einkaaðilar sem starfrækja fjölbreytileg leiksvæði bæði úti og inni. Eðlilegra væri að rekstraraðili setti á heimasíðu skóla og leikskóla helstu upplýsingar um öryggismál á viðkomandi skólalóð. Einnig að foreldrar væru hvattir til að kynna sér öryggismál á skóla- og leikskólalóðum þeir upplýstir um hvar var hægt er að koma ábendingum á framfæri um það sem betur má fara. HER telur að í stað þess að rekstraraðila beri að kynna reglugerðina í heild sinni, eins og ráða má af greininni og starfsleyfisskilyrði fyrir starfsfólki sínu væri betra að rekstraraðila bæri að kynna ákvæði um innra eftirlit og starfsleyfisskilyrði fyrir starfsfólki sínu og sjá til þess að starfsfólk sinni innra eftirliti á leiksvæðum í samræmi við reglugerðina.

6. gr. Rekstrarhandbók: Lagt er til að greinin verði felld inn í skilgreiningu á rekstrarhandbók í 3. gr.

IV. KAFLI Eftirlit með leikvallatækjum og leiksvæðum

14. gr. Innra eftirlit: Lagfæra þarf orðalag í 1. mgr. og lagt til að orðist: “Innra eftirlit skal færa í rekstrarhandbók”

VIÐAUKI III Öryggi leiksvæða.

8.tl.: Þarf ekki að vera sérstakur tl. Lagt til að færa 8.tl. í 7.tl.

12.tl.: Setningin “Lágmarksrými er það rými sem þörf er á umhverfis tækið svo hættulaust sé að nota það” á betur heima með öðrum skilgreiningum. Lagt er til að setningin verði færð í 3. gr.

18.tl.: “Náttúruufni notuð í sköpunarleikjum” Skilgreina þarf hugtökin “náttúruufni” og “sköpunarleikir” í 3.gr.

VIÐAUKI V Rekstrarhandbók.

HER telur mikilvægt að ekki séu gerðar kröfur um ónauðsynlegar skráningar í rekstrarhandbók og þar eigi aðeins að skrá það sem skiptir máli í sambandi við öryggi og rekstur svæðisins, það eykur skýrleika og skilvirkni.

A. Í rekstrarhandbók skal skrá eftirfarandi á aðgengilegan hátt



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

1.tl. Vandséð er að samskipti á hönnunarstigi svæðisins skipti máli fyrir rekstur þess og öryggi þegar það er komið í notkun. Einnig er bent á mögulega tvítekningu í 1.tl. og 5. tl. þar sem í 1. tl. er gerð krafa um teikningar af lóð og staðsetningu tækja og öryggissvæða með þeim en í 5. tl. yfirlit yfir svæðið og afstöðumynd leiksvæðis, leikvallatækja, aðkomu umferðar og annað sem máli skiptir varðandi svæðið. HER telur að munur á afstöðumynd og teikningu af lóð og staðsetningu tækja sé óljós og því væri betra sameina þessa töluliði og samræma orðalag.

5. tl. Sjá athugasemd um 1. tl.

12.tl. HER leggur til breytingar á 12. og 18.tl. og telur að greina þurfi betur á milli þess sem er skráð vegna reksturs svæðisins og skjala sem eiga að vera til staðar m.a. til leiðbeiningar. Lagt er til að 12.tl. orðist: Skráningar á slysum, viðbrögð við þeim ásamt því hverjum var tilkynnt um slys.

B. Í rekstrarhandbók skulu eftirfarandi skjöl vera aðgengileg:

18.tl. HER leggur til að í rekstrarhandbók leiksvæða verði neyðaráætlun sem segir til um viðbrögð við slysum. Í neyðaráætlun sé tilgreint hvað gera skal ef slys ber að höndum. Lagt er til að 18.tl. orðist: Neyðaráætlun þ.e. verklagsreglur um viðbrögð við slysum þar sem m.a. kemur fram hvert tilkynna eigi slys þ.á.m. til heilbrigðiseftirlits ásamt slysaskráningarblaði og skrá yfir slys.

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir

framkvæmdastjóri